

# Skagafjarðarveitur ehf.

## Fundur 26 ? 02.12. 2003

Þriðjudaginn 2. desember, árið 2003 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 17.00 í Áhaldahúsinu.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. Málefni Loðskinnis Sauðárkróki ehf
2. Hækkun hitaveitugjalda
3. Bréf frá Iðnaðarnefnd
4. Vatnsgjöld vatnsveitu fyrir árið 2004
5. Önnur mál.

### AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Trúnaðarmál. (Sjá trúnaðarbók)

2. Stjórn Skagafjarðarveitna samþykkir að hækka gjaldskrá hitaveitu frá 1. janúar 2004 um 3.5%. Einnig samþykkt að taka upp seðilgjald frá 1. janúar 2004 125 kr. m/vsk. Ákveðið að senda út tilkynningu um upptöku seðilgjalds.

3. Lagt fram bréf dags. 26. nóvember 2003 frá Iðnaðarnefnd Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 305. mál, stofnstyrki, jarðhitaleit. Stjórn Skagafjarðarveitna leggur til að frumvarpinu verði breytt þannig að styrkur til hverrar hitaveitu getur numið að lágmarki tíu ára áætluðum miðurgreiðslum á rafmagni eða olíu til húshitunar á orkuveitusvæði viðkomandi hitaveitu. Veitustjóra falið að ganga frá svarbréfi til Iðnaðarnefndar.

4. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. leggur til við byggðaráð að vatnsskattur fyrir árið 2004 verði óbreyttur frá árinu 2003: Álagningarprósenta 0,15% af fasteignamati, lágmarksgjald pr. rúmmetra kr. 22,00 og hámarksgjald pr. rúmmetra kr. 26,00.

Aukavatnsgjald verði kr. 12,50 pr. rúmmetra.

Önnur mál engin.

Fleira ekki tekið fyrir og fundagerð upplasin og samþykkt, fundi slitið kl. 19.25